



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Starfsáætlun Leikskólinn Hraunborg 2025-2026



LEIKSKÓLINN
HRAUNBORG

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	4
2.1	Innra mat.....	4
2.2	Ytra mat.....	5
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	6
4	Innra mat Þrastalands 2024-2025	9
5	Umbótaáætlun Þrastalands 2025-2026	12
6	Innra mat Spóalands 2024-2025	14
7	Umbótaáætlun Spóalands 2025-2026.....	16
8	Innra mat Lóulands 2024-2025	17
9	Umbótaáætlun Lóulands 2025-2026.....	20
10	Innra mat sérkennslu 2024-2025	22
11	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	24
12	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	25
13	Foreldrasamvinna.....	27
14	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	28
14.1	Umsögn foreldraráðs	30





1 Greinargerð leikskólastjóra

Við hér í Hraunborg göngum sátt frá þessu skólaári, við höfum áorkað miklu og flest okkar markmið hafa staðist, þó við viljum alltaf gera betur. Umbótaþættirnir okkar gengu misvel og erum við stolt af þeirri vinnu sem fram fór síðastliðið skólaár. Fyrir utan umbótaþættina okkar þá voru hin hefðbundnu verkefni sem sneru að uppeldisstarfinu, rekstri leikskólans, starfsmannahaldi og foreldrasamstarfi á sínum stað.

Haustið fór nokkuð vel af stað hjá okkur, með nokkra nýliða sem lærðu smátt og smátt inn á verkefnin sem tilheyra starfinu. Aðlögun á milli deilda hófst í lok ágúst og í kjölfarið hófst aðlögun nýrra barna. Aðlögunin gekk vel og náðum við að fylla í öll laus pláss þegar líða tók á haustið. Í nóvember átti leikskólinn 40 ára afmæli og var haldið upp á það. Foreldrum, gömlum nemendum og starfsfólki var boðið að koma í heimsókn. Tókst afmælisveislan mjög vel.

Við lögðum mikla vinnu í endurskoðun á námskrá Hraunborgar vegna breytinga á aðalnámskrá leikskóla og nýttum fagfundi í þá vinnu. Umbótaþættir leikskólans fyrir næsta skólaár verða leikurinn og læsi. Í fyrsta skipti ætlum við að vera með sömu umbótaþættina fyrir allan leikskólann en hver deild útfærir þessa þætti í samræmi við aldur barnanna.

Á vormánuðum var tekin ákvörðun um að fara í skipulagsbreytingar hér innanhús. Við tókum inn þjónustu frá Skólamat. Hefur þessi breyting tekist vel og flest ánægð.

Flestir starfsmenn fengu a.m.k. eitt starfsþróunarsamtal á síðasta skólaári en stefnan er á næsta skólaári að þau verði fleiri og að byrjað verði fyrr að taka þessi samtöl.

Leikskólastjóri hélt áfram að taka þátt í að halda utan um lærdómssamfélag leikskólastjóra, sat í starfshópi um sveigjanleg starfslok, sat í starfshópi um líkamleg innngrip í leikskóla ásamt því að sitja í öryggisnefnd SFS. Einnig hefur mikill tími farið í fræðslu, innleiðingu og vinnu við farsældarlögin.

Við horfum björtum augum til næsta skólaárs, ekki er fyrir séð að miklar mannabreytingar verði hjá okkur og áhersluþættir leikskólans eru skýrir. Aðaláherslan verður á umbótaþættina okkar ásamt því að við höldum áfram að leggja áherslu á sköpun og félagsfærni.





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

2.1 Innra mat

Hvað var metið?	Endurmat á skólanámskrá
Hvernig fór matið fram?	Á fagfundum
Hver tóku þátt í matinu?	Stjórnendateymi Hraunborgar
Helstu niðurstöður mats	Vinnan við endurmat á skólanámskránni gekk vel og er nú farin til yfirferðar hjá fagskrifstofu leikskólamála. Ákveðið var að tengja leikinn við flesta þætti í námskrá leikskólans og bæta við kafla um hlutverk kennarans. Við höfum ekki enn fengið endurgjöf frá fagskrifstofunni og bíðum spennt eftir niðurstöðunni.

Hvað var metið?	Fagfundir
Hvernig fór matið fram?	Á stjórnendateymisfundum
Hver tóku þátt í matinu?	Stjórnendateymi Hraunborgar
Helstu niðurstöður mats	Fagfólk leikskólans náði að halda fagfundi, þá aðallega í tengslum við yfirferð og endurmat á skólanámskránni. Starfsfólk mætti misvel undirbúið fyrir fagfundina en þrátt fyrir það náðum við mjög góðri samvinnu og umræðum okkar á milli. Finna þarf leið til að umræðuefni fundanna skili sér betur til starfsfólks og að innanhús myndist lærdómssamfélag þar sem er samhugur meðal starfsfólks.

Hvað var metið?	Myndrænt mat barna
Hvernig fór matið fram?	Á stjórnendateymisfundum, deildarfundum og á barnafundum.
Hver tóku þátt í matinu?	Allt starfsfólk Hraunborgar og börnin.
Helstu niðurstöður mats	Ekki tókst að útfæra þetta á öllum deildum. Á þræstalandi voru gerðar myndrænar skráningar á leik



	barnanna. Á Spóalandi tókst ekki að koma þessu almennilega í framkvæmd. Á Lóulandi var erfitt að útfæra verkefnið og hefði deildarstjórinn mögulega þurft að útskýra verkefnið betur fyrir starfsfólki deildarinnar.
--	--

2.2 Ytra mat

Hvað var metið?	Starfsfólkskönnun
Hvernig fór matið fram?	Starfsfólk fékk senda könnun í tölvupósti
Hver tóku þátt í matinu?	Starfsfólk tók þátt og gaman að segja frá því að aldrei hefur eins margt starfsfólk tekið þátt.
Helstu niðurstöður mats	Í heildina kom könnunin vel út, við hækkum í flestum þáttum sem við höfum stjórn á en vinnuaðstæður og kjör koma ekki eins vel út. Ávallt er unnið að því að bæta vinnuaðstæður en það gengur erfiðlega vegna skorts á fjármagni hjá borginni.

Hvað var metið?	Foreldrakönnun
Hvernig fór matið fram?	Foreldrar fengu senda könnun í tölvupósti
Hver tóku þátt í matinu?	Foreldrar
Helstu niðurstöður mats	Í heildina eru foreldrar ánægðir með leikskólann. Halda má áfram á sömu braut og mynda enn betri tengsl við foreldrana. Ekki hafa öll opnu svörin borist en þau svör sem við hafa borist sýna að það er almenn ánægja á starfinu meðal foreldra.



3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur - innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Leikurinn
Tækifæri til umbóta	Að starfsfólk leikskólans verði meira meðvitað um gildi leiks sem kennsluaðferðar. Öll séu meðvituð um ólík leikform barna og hvernig þau birtast. Starfsfólk skilji tilgang þeirra og mikilvægi fyrir nám og þroska barna. Markmiðið er að styðja betur við sjálfsprottinn leik barna með því að skapa aðstæður sem hvetja til frumkvæðis, sköpunar og sjálfstæðar þátttöku barna í leik
Aðgerðir til umbóta	Að fá inn fræðslu fyrir starfsfólk og gefa starfsfólki tíma til að lesa sér til um leikinn. Að fagfólk leikskólans sé góð fyrirmynd í starfi og sýni í verki hvað ætlast er til af starfsfólkinu. Að skapa umræðu á fundum og deila góðum dæmum og ígrundunum um leikform, sjálfsprottinn leik og hvernig hægt er að styðja við hann. Greina námsumhverfi barnanna og efnivið með það að markmiði að auðvelda börnum að hefja og viðhalda leik sjálf. Hlutverk starfsfólks er að styðja án þess að stýra leiknum. Endurskoða á dagsskipulag deilda til að tryggja nægan tíma og rými fyrir sjálfsprottinn leik.
Ábyrgð	Stjórnendateymi
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 – vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Verður metið á stjórnendateymisfundum, deildarfundum og skipulagsdögum.
Viðmið um árangur	Að börnin hafi nægan tíma og rými til sjálfsprottins leiks í dagsskipulagi. Að starfsfólk grípi inn í leik barna með viðeigandi hætti – styðji án þess að stýra.





Viðmið um árangur

Skimanir framkvæmdar og niðurstöður nýttar í skipulagningu.

LÆM teymi hittist reglulega og gerir fundargerðir.

Skráningar sýna aukna áherslu á læsi og málörvun í daglegu starfi.

Börn sýna framfarir í málþroska samkvæmt skimunum og athugunum.

Samstarf við grunnskóla og sérfræðinga er virkt og reglulegt.



4 Innra mat þrastalands 2024-2025

Síðasta vetur voru 15 börn á aldrinum eins til þriggja ára og fimm starfsmenn. Aðlögun nýrra barna hófst í lok ágúst og stóð fram í september.

Samstarf við foreldra var mjög gott og samskipti starfsfólks og foreldra ágætt. Tvö foreldraviðtöl voru yfir veturinn, eitt í nóvember og annað í mars. Vikupóstur var sendur einu sinni viku til foreldra í tölvupósti og einnig á Facebook síðu deildarinnar. Myndir úr leik og starfi voru birtar að minnsta kosti einu sinni í viku í Völu-appi.

Hópastarf hófst í október og börnunum var skipt í fjóra hópa óháð aldri. Inn í hópastarfið fellur ýmislegt svo sem samskipti, málörvun og að leika saman í hóp.

Börnin hafa alltaf frjálstan aðgang að bókum. Í söngstund eru alltaf tveir söngstjórar sem fá að taka þátt í að stjórna söngstund í viku í senn. Börnin velja hvaða lög eru sungin úr þemalögum hvers mánaðar og fá stundum að stjórna handbrúðum sem passa við lögin. Börnin fá líka að velja hvaða leikföng eru í boði í frjálsum leik. Börnin eru hvött til þess að klæða sig sjálf í og úr, bæði útifötum og innifötum og miklar framfarir hafa orðið með tímanum. Þau þvo sjálf hendur eftir útiveru og einnig þvo þau hendur og munn með þvottastykki eftir matartíma.

Samkvæmt Jákvæðum aga er mikilvægt að skapa tækifæri fyrir börnin til að hafa hlutverk, þannig finna þau að þau séu mikilvægur hluti af heildinni og að þau skipti máli, þetta eflir einnig sjálfstæði þeirra. Út frá þessu fengu börnin hlutverk í leikskólanum: myndastjóri, tveir vagnstjórar, tveir söngstjórar, veðurfræðingur og bókaormur.

Sjálfsprottinn leikur var fastur og mikilvægur þáttur í daglegu starfi deildarinnar. Hann fólst oft í einföldum, en mjög mikilvægum athöfnum sem stuðluðu að þroska og lærdómi barna. Á þessum aldri eru börnin að þróa grunnfærni, svo sem hreyfingu, tungumál, félagslegs færni og sjálfstæði. Leikurinn var oft einstaklingsbundinn, þar sem börnin könnuðu umhverfi sitt með öllum skynfærum, sérstaklega með því að snerta, skoða og prófa nýja hluti.

Við málörvun var stuðst við kennsluefnið „Lubbi finnur málbein“, önnur málörvun var virk hlustun, virk umræða og hvert tækifæri nýtt til að tala saman. Þennan vetur var haldið áfram með verkefnið Gefðu 10. Þó þetta verkefni sé ætlað sérstaklega til þess að auka samtal og samskipti við fjöltyngd börn, var það notað fyrir flest börn deildarinnar. Fjöltyngd börn fóru a.m.k. tvisvar í viku í skipulagðar málörvunarstundir.



Einu sinni í viku eru málörvunarstundir hluti af hópastarfi, tvisvar á dag eru söngstundir og sögustundir í litlum hópum eru daglega. Auk þess sem tíminn eftir hvíld er vel nýttur í lestur og spjall. Bókasafnsferðir í Gerðuberg voru hluti af hópastafinu í vetur og börnin fóru á bókasafnið einu sinni í mánuði í tveimur hollum. Að vori byrjuðu svo reglulegar vettvangsferðir í nánasta umhverfi leikskólans.

Barnafundir voru fastur hluti af hópastarfi frá byrjun annar og þeir voru haldnir einu sinni í viku. Á þrastalandi snúast barnafundir um að æfa sig í að sitja í hring og hlusta hvert á annað. Einnig voru verkefni úr Verkfærakistu KVAN unnin á barnafundum.

Í vetur var áfram unnið að ferilmöppum barnanna. Í þær fer ýmislegt sem við kemur þroska og námi barnanna. Myndrænu mati hefur verið bætt í ferilmöppurnar þar sem fylgjast var með þróun leiks hvers barns.

Útiveran var tvisvar á dag. Börnin fengu einnig tíma í fataherberginu til þess að æfa sig að klæða sig sjálf en það má líka gefa þeim meiri tíma.

Starfið gekk mjög vel í heildina og það ríkti gagnkvæm virðing meðal alls starfsfólks. Öll voru sammála um að leggja mikla áherslu á að kenna börnunum frumkvæði, sjálfshjálp og að þróa hjá þeim sjálfstæða hugsun. Börnin voru hvatt til þess að taka virkan þátt í leik og daglegu starfi. Starfsfólk deildarinnar mun halda áfram að veita börnunum mikla umhyggju og hvetja þau í þá átt að verða sjálfstæðir einstaklingar.

Styrkleikar

- Gott skipulag á deildinni
- Starfsfólk deildarinnar mjög virkt í leik barnanna
- Virk hlustun
- Skipulagðar málörvunarstundir sem hluti af daglegu starfi
- Gott andrúmsloft og samvinna á deildinni





Tækifæri

- Markvissar hreyfistundir
- Skapa meira rými fyrir sjálfsprottinn leik
- Markviss skráning hlutverka barnanna (bókaormur)
- Auka tíma og skapa tækifæri fyrir börnin til að klæða sig sjálf fyrir útiveru

Hvað var metið?	Myndrænt mat – Innra mat
Hvernig fór matið fram?	Teknar voru myndir í sjálfsprottum leik og daglegu starfi til að fylgjast með þróun leiks hvers barns og samskiptum þeirra við hvert annað.
Hver tóku þátt í matinu?	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar
Helstu niðurstöður mats	Með notkun myndræns mats er mögulegt að fylgjast með leik og þroska hvers barns. Sjálfsprottinn leikur er mikilvægur námsferill barna, en skráning á leiknum getur verið krefjandi meðan starfsfólk tekur virkan þátt í leiknum sjálfum. Með því að nýta ljósmyndir skapast tækifæri til að meta þróun leiks hvers barns í rauntíma, sem gerir það auðveldara að fylgjast með framförum og þroska þeirra.



5 Umbótaáætlun Prastalands 2025-2026

Deild/aldur barna	Prastaland (1 til 3 ára)
Umbótaþáttur/matsþáttur	Sjálfsprottinn leikur
Tækifæri til umbóta	Skapa meira rými fyrir sjálfsprottinn leik og gefa börnunum frekari tækifæri á að eiga frumkvæði á leik og stjórna leikfangavali
Aðgerðir til umbóta	Breyta skipulögðum stundum, svo sem morgunmat og leyfa börnum að hafa meiri áhrif á leikfangaval, virða óskir barnanna og fylgjast með áhugasviðum þeirra. Útbúa spjöld með myndum af öllum leikföngum og efniviði. Nýta öll rými til þess að sem flest börn fái að koma óskum sínum um mismunandi efnivið á framfæri, ásamt því að gera meira og öruggara pláss fyrir hreyfi- og ærslaleiki
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Júní 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Á deildarfundum einu sinni mánuði

Deild/aldur barna	Prastaland (1 til 3 ára)
Umbótaþáttur/matsþáttur	Markviss tenging málörvunarstunda við almennt starf deildarinnar
Tækifæri til umbóta	Að tengja málörvunarþemu við daglegt starf deildarinnar og flétta þau inn í flestar athafnir
Aðgerðir til umbóta	Hvert þema í skipulögðum málörvunarstundum er í tvær vikur í senn. Fjöltýngd börn og börn með slakan málþroska fara í málörvunarstundir 2-3 sinnum á dag. Verkefni úr málörvunarstundunum eru unnin í hópastarfi (orðaspjall), bækur eru lesnar í sögustundum samkvæmt þema vikunnar, unnin eru listaverk tengd þemunum og talað er við börnin í leik og starfi til að styrkja orðaforða þeirra.



	Gera viðfangsefni þemanna sýnileg á deildinni (myndir á veggjum)
Ábyrgð	Starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025
Hvenær og hvernig á að meta?	Á deildarfundum einu sinni mánuði



6 Innra mat Spóalands 2024-2025

Í vetur byrjuðum við með 25 börn á Spóalandi á aldrinum 2 ára til 4 ára og fimm fastir starfsmenn á deildinni auk tveggja stuðningsaðila, í febrúar flutti eitt barn yfir á Lóuland. Aðlögun á milli deilda gekk vel en það var enginn tími fyrir starfsfólk deildarinnar að undirbúa fyrir börnin sem komu frá Þrastalandi þar sem aðlögunin á milli allra deilda var öll sama daginn.

Hópastarf byrjaði í enda september og var fjórum sinnum í viku. Það gekk mjög vel og féll sjaldan niður. Deildinni var skipt niður í fimm smærri hópa þar sem það voru fimm starfsmenn á deildinni. Farið var í Lubbastundir einu sinni í viku, Verkferakistuna, könnunaraðferð, barnafundi, einingakubba, Listaberg, Hreyfiberg og vettvangsferðir. Það var einn starfsmaður sem sá alfarið um hreyfistundirnar sem kom mjög vel út og tveir starfsmenn skiptu á milli sín Listaberginu sem gekk líka vel.

Foreldrasamstarfið gekk vel og leggjum við okkur fram um að heilsa öllum á morgnanna þegar börnin mæta og bjóða öllum góðan daginn. Foreldrar nýrra barna fá tvö foreldraviðtöl yfir veturinn, á haustin og svo á vorönn en þá fá einnig foreldrar eldri barna að koma. Einnig var foreldrafundur að morgni um haustið þar sem foreldrum var boðið að koma og farið var yfir praktísk atriði í leikskólastarfinu í salnum og síðan fór hver deildarstjóri inn á sína deild og fór yfir starf vetrarins. Það var ágætlega mætt.

Samkvæmt Jákvæðum aga er mikilvægt að skapa tækifæri fyrir börnin til að hafa hlutverk, þannig finna þau að þau séu mikilvægur hluti af heildinni og að þau skipti máli, þetta eflir einnig sjálfstæði þeirra. Út frá þessu fengu börnin hlutverk í leikskólanum: borðþjónn, dýnustjóri, tveir söngstjórar, tveir endurvinnslustjórar og bókaormur. Hvert hlutverk er eina viku í senn.

Söngstundum var skipt í tvennt, hvor stund var með sinn söngstjóra og fengu þeir að taka þátt í að stjórna söngstundinni. Það er búið að ákveða hvaða lög eru sungin hvern mánuð og söngstjórar velja þar úr hvaða lög eru sungin og draga þau úr vasa.

Borðþjónninn aðstoðaði við að leggja á borð og sækja matinn. Dýnustjóri aðstoðar við að leggja dýnur fyrir hvíld. Endurvinnslustjórar fóru út með pappír og plast í enda vikunnar. Bókaormurinn kom með þrjár bækur í leikskólann í upphafi vikunnar og voru þær lesnar og skoðaðar þá viku.

Markmiðið var að fara út tvisvar á dag og skiptum við barnahópnum í tvennt, fóru yngri börnin út fyrir hádegi og eldri eftir hádegi. Seinni partinn fóru öll börn og var skilað úti. Með þessu náðist meiri samfella í frjálsa leiknum og börnin höfðu meira pláss til að leika hvort sem er úti eða inni.

Styrkleikar

- Nýtum rýmið vel og börnunum skipt í smærri hóp.
- Tölum við börnin og setjum orð á athafnir.
- Barnafundir vikulega þar sem mikið var rætt um vináttu, ofurhetjur og að vera góður þar sem börnin skildu ekki þessi hugtök. Með yngri börnunum sögðu þau hvað þau heita því það var það eina sem þau svöruðu eða sögðu.
- Tökum vel á móti börnunum þegar þau mæta og kveðjum þau í lok dags.
- Grípum börnin góð og hrósum þeim.

Tækifæri

- Hafa hvern hóp saman, skipta í rými, Kubbaberg, Rauðaberg, Tröllaberg, Salur, Listaberg og Fataherbergi.
- Sjónrænt dagskipulag virkt, upp á vegg fyrir hádegi og á spjaldi eftir hvíld.

7 Umbótaáætlun Spóalands 2025-2026

Deild/aldur barna	Spóaland/3-4 ára
Umbótaþáttur	Málörvun á deild.
Tækifæri til umbóta-	Flæðilestur, skipuleggja söngstundir betur, auka þátttöku og virkni barna í bókaormi.
Aðgerðir til umbóta	Auka fræðslu kennara í flæðilestri og reyna finna ákveðinn tíma í skipulagi fyrir flæðilestur. Hafa meiri yfirsýn yfir hvaða lög við erum að vinna með, hafa orðaskilgreiningar úr lögunum sem við förum yfir með börnunum. Fá börnin til að koma með bók, jafnvel frá sínu tungumáli og hvetja þau til að segja frá bókinni.
Ábyrgð	Sá starfsmaður sem settur er í LÆM-teymi ber ábyrgð á málörvun á deild. Þó ber allt starfsfólk ábyrgð á flæðilestri og söngstundum.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025 – Júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta?	Annan hvern deildarfund verður mat á málörvun á deild og á barnafundum.

Deild/aldur barna	Spóaland/3-4 ára
Umbótaþáttur	Leikur
Tækifæri til umbóta-	Að virkja ímyndunarafl barnanna í leik.
Aðgerðir til umbóta-	Auka virkni kennara í leik barnanna. Leyfa börnunum að blanda dóti saman í leik til að virkja ímyndunarafl þeirra. Auka aðgengi barnanna að opnum efnivið inn á deild, svo þau geta búið sér til það sem þau vantar.
Ábyrgð	Einn starfsmaður ber ábyrgð á opnum efnivið.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025 – Júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Annan hvern deildarfund verður mat á leik barnanna.

8 Innra mat Lóulands 2024-2025

Á Lóulandi eru 27 börn og fjórir starfsmenn, þrír reynslumiklir og einn reynsluminni. Gott samstarf og andrúmsloft ríkir á deildinni. Börnin á deildinni eru á aldrinum 4ra til 6 ára. Aðlögunin hjá okkur gekk vel og börnin voru fljót að aðlagast.

Foreldrasamstarfið var gott yfir heildina, reynt er að skapa samvinnu og traust á milli leikskóla og foreldra. Foreldraviðtölin voru bæði fyrir og eftir áramót. Einnig höfðu foreldrar tækifæri á að biðja um auka viðtal. Upplýsingar til foreldra voru aðallega munnlega og einnig í gegnum tölvupóst. Við notuðum mikið facebooksíðuna okkar til að koma fram upplýsingum og segja frá starfi leikskólans, þar sem hún virðist ná best til foreldra.

Hópastarfið byrjaði í október. Hóparnir voru fjórir og skiptum við í hópana eftir aldri barnanna. Við unnum aðallega með málbeinið hans Lubba og náðum við flestum málhljóðum hans. Einnig unnum við með verkfærakistuna/félagsfærni. Börnunum þykja verkfæri verkfærakistunnar mjög skemmtileg og læra þar að vera ofurhetjur. Barnafundir gengu ágætlega og reyndum við að hafa fundi tvisvar sinnum í viku með eldri og einu sinni í viku með yngri, því miður náðist það ekki alltaf. Ákveðið var að tvískipta útiverunni, yngri færu út fyrir hádegi og eldri eftir hádegi og hefur þetta minnkað álagið mikið á deildinni. Í lok dags skilum við úti. Einn af umbótaþáttum deildarinnar er að vinna með Gefðu 10, útbjuggum við plan þar sem fram kemur hvaða börn á að vinna með og hugmyndir til þess, þetta hefur ekki gengið vel í vetur.

Tvisvar yfir skólaárið hefur verið lestrarátak þar sem börnin fara heim með Lubba málbein og foreldrar eru hvattir til að lesa fyrir börnin sín. Það sem er lesið heima er merkt á beinin (blaðsíðu fjöldi, nafn barns og heiti bókar) og er svo sett á Lubba fjallið okkar hér í leikskólanum. Lubba bein barnanna eru svo límd á blað sem fer í ferilmöppu hvers barns.

Samvera var fastur liður í dagskipulaginu tvisvar á dag, við ákváðum að skipta barnahópnum í tvennt en það gekk misvel að fylgja því. Matmálstími gekk yfir heildina vel, mikil ró og næði og oft skemmtilegar umræður hjá börnunum. Skólahópurinn borðar í Listaberg til að auka leikrými á deildinni og verða þar áfram. Hvíldin virkar þannig að annan hvern dag liggja þau á dýnu og slaka á og hinn daginn sitja þau við borð í rólegum leik. Notað er blað með skipulagi um hvenær börnin liggja og sitja. Alltaf er lesið fyrir börnin í hvíldinni, allskyns bækur og bækur bókaormsins.

Deildin er með 8 hlutverk, til dæmis klútaskjóri en hann sér um að tæma klútana og setja í þvott, einnig er söngstjóri sem velur lög í samveru, dýnustjóri sem sækir dýnur fyrir hvíldina ásamt fleiri hlutverkum.



Í haust ætlum að bæta við einu hlutverki en það verður veðurfræðingur. Börnin hafa mjög gaman af þessu og eru spennt á mánudögum að sjá hver er með hvaða hlutverk.

Yfir heildina gekk samstarfið á deildinni vel og á milli starfsfólks ríkti virðing og traust. Áhersla var lögð á að hver og einn starfsmaður færi eftir deildarskipulaginu, ynni sjálfstætt og hefði yfirsýn yfir það sem þyrfti að gera til að allt gengi vel á deildinni.

Styrkleikar

Við vinnum vel saman í að nota tungumálið okkar rétt. Við erum duglegar að minna börnin á að nota leikskólamálið í leikskólanum. Treystum hvor annarri vel og vinnum saman eins og tannhjól. Metum vel hvernig best er að skipta hópnum upp og reynum að nýta svæðin okkar vel. Það auðveldar okkur að sinna málörvun þegar hópurinn er minni. Við deilum ábyrgð og hjálpumst að við verkefni dagsins. Höfum verið duglegar að auka samræður við börnin og leggja inn orðaforða daglegs lífs. Þrátt fyrir krefjandi skipulag tekst okkur að halda vel utan um hlutina. Við leggjum mikla áherslu á gott skipulag og skýr samskipti innan hópsins til að tryggja að dagurinn gangi vel.

Tækifæri

Gera skipulag hvernig best er að skipta upp hópnum eftir hádegi til að minnka álag og dreifa börnunum svo þau njóti sín enn betur í leik og starfi. Þá eru meiri líkur á að við náum að setjast niður með þeim og gefa okkur að börnunum.

Bæta við sjónrænu skipulagi á fleiri staði á deildina og auka þar með málörvun og orðaforða barnanna. Það minnir starfsfólk einnig á að sinna þessum málaflokki.

Hvað var metið?	Málörvun í daglegu starfi
Hvernig fór matið fram?	Á deildarfundum
Hver tóku þátt í matinu?	Starfsfólk deildarinnar
Helstu niðurstöður mats	Við notuðum KVAN til þess að mæla samskiptin milli starfsfólks og barna. Samskiptin höfðu aukist milli barna og fullorðinna. Það hefði mátt nýta tækifærin betur í að





	sitja á gólfinu með börnunum. Málörvun í daglegu starfi gengur betur.
--	---

Hvað var matið?	Myndrænt mat barnanna
Hvernig fór matið fram?	Á deildarfundum
Hver tóku þátt í matinu?	Starfsfólk deildarinnar
Helstu niðurstöður mats	Erfitt var að útfæra þetta. Börnin gerðu verkefni fyrir dag leikskólans í febrúar sem kom mjög vel út. Þetta var það eina sem börnin mátu. Okkur langar að afla okkur meiri upplýsinga um myndrænt mat barna á öðrum leikskólum til að útfæra það með okkar börnum.





9 Umbótaáætlun Lóulands 2025-2026

Deild/aldur barna	Lóuland 4-6 ára börn
Umbótaþáttur	Leikurinn
Tækifæri til umbóta	Að auka fjölbreytni í opnum efnivið og umhverfi til að örva sköpun og félagsfærni. Passa að börnin hafi tíma og rými til frjáls leiks.
Aðgerðir til umbóta	Auka aðgengi að verðlausum og skapandi efnivið. Setja upp ný leiksvæði innan og utan deildarinnar. Færa borð og stóla til að afmarka leiksvæði. Styðja við leik barna með nærveru og athygli starfsmanna. Bæta við úrval aukahluta sem henta leiknum. Fara gegnum búninga og hafa til dæmis eina skúffu sem er efnaskúffa. Meiri föndurvörur sem eru aðgengileg.
Ábyrgð	Allt starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst haustið 2025 og engin áætluð lok.
Hvenær og hvernig á að meta?	Metum hvernig gengur á deildarfundum. Búa til matsblað og börnin meta leikskólastarfið og allt sem því tengist og starfsfólk deildarinnar yfirfer matsblöð.

Deild/aldur barna	Lóuland/4-6 ára
Umbótaþáttur	Málörvun
Tækifæri til umbóta	Að efla orðaforða barnanna í leik og daglegu starfi. Vera meðvituð um að leggja orð á allt í starfinu.
Aðgerðir til umbóta	Málörvun alla morgna. Setja inn í skipulag að hafa spilatíma. Setja meira á veggina, rím og fleira slíkt. Auka lestur á deildinni. Grípa tækifærin sem gefast. Til dæmis fara í rólegan lestur eða söngstund inn í Óskaberg og syngja róleg lög.
Ábyrgð	Allir á deildinni.





Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst haustið 2025 og engin verklok
Hvenær og hvernig á að meta?	Á deildarfundum og við metum með EFI-2 og Hljóm prófunum til dæmis.



10 Innra mat sérkennslu 2024-2025

Styrkleikar

Sérkennslan var skipulögð út frá því hvernig hún nýtist best börnum sem hana þiggja og starfinu á deildum. Hver stuðningsstarfsmaður fylgdi eigin dagskipulagi byggt á þörfum barnanna. Eins var hlutverkum og verkefnum skipt á milli stuðningsstarfsfólks eftir styrkleikum þeirra og áhuga. Tveir starfsmenn sáu sérstaklega um málörvun og aðrir tveir sáu um atferlisíhlutun. Starfsfólk var ánægt með fyrirkomulagið og nefndi að gott væri að fara á milli deilda, kynnast öllum börnum og álagið dreifist betur á milli starfsfólks. Börn sem þiggja stuðning ná þá að kynnast öllu starfsfólkinu vel. Börnin finna minna fyrir því ef það eru veikindi og annar starfsmaður er að leysa af. Allt starfsfólkið veit hvað unnið er með og lagt áherslu á með hverju barni.

LÆM verkefnið gekk vel. Sérkennslustjóri tók sín fyrstu skref í LÆM verkefni Breiðholts. Börn sem ekki komu nægilega vel út úr málproskamati fengu markvissa málörvun. Leikskólinn tók þátt í tilraun til að taka Orðaskil á yngsta barnahópnum og þótti ganga vel til, starfsfólk og foreldrar urðu mjög meðvituð um stöðu barnanna og vinna við að gera betur hófst þegar í stað. Stuðningur við málörvun þróaðist á ólíkan veg á milli deilda. Prastaland sá alfarið um málörvun þeirra barna sem á þurftu að halda. Sérkennslan studdi við málörvun á Spóalandi og á Lóulandi var það í bland. Gríðarlega ánægjulegt var að sjá hversu vel gekk og að börnin tóku góðum framförum. Foreldrar barna sem þurfa frekari aðstoð fengu ráðgjöf og þiggja athugun á málproska frá talmeinafræðingi Suðurmíðstöðvar.

Tækifæri

Þrátt fyrir að LÆM verkefnið hafi gengið vel eru ýmis tækifæri til úrbóta. Vegna byrjenda örðuleika áttaði sérkennslustjóri sig ekki á því að nokkur börn lentu á milli málþroskaprófa vegna aldurs. Málörvunar vinna þeirra byrjaði frekar seint og erfiðlega gekk að skipuleggja málörvunarstundirnar þeirra. Lóuland tók það að mestu að sér. Málörvunarstundirnar hefðu mátt vera markvissari. Hér eru klárlega tækifæri til úrbóta.

Í ljósi þess að LÆM verkefnið fékk úthlutaðan styrk frá B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs Reykjavíkurborgar og hversu vel verkefnið hefur gengið er mikilvægt að þróa vinnuna áfram innan veggja leikskólans. Stofnað verður LÆM-teymi með fulltrúa af hverri deild. Fulltrúinn sér þá sérstaklega um markvissar málörvunarstundir til viðbótar við þá málörvun sem fer fram á deildum og í daglegu starfi. Sérkennslustjóri mun stýra teyminu. Stuðningsstarfsfólk mun sinna málörvun þeirra barna sem þurfa frekari inngrip.



11 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- Stefnt er á að bjóða öllum starfsmönnum upp á 2 starfsþróunarsamtöl næsta vetur. Eitt fyrir áramót í október og annað eftir áramót í mars.
- Við höfum fengið fræðslu um leikinn og ýmis leikform og munum halda áfram með þessa vinnu á skipulagsdögum, stjórnendateymisfundum og deildarfundum. Við þá vinnu munum við nýta okkur handbókina um leikinn ásamt nýyfirfarinni skólanámskrá leikskólans.
- Í haust munum við fá fræðslu um Regnbogavottun og er búið að skipa tengilið úr hópí starfsfólksins fyrir þetta verkefni.
- Í haust munum við fá talmeinafræðing frá Suðurmíðstöð til okkar á skipulagsdegi til að fara yfir LÆM verkefnið með okkur og gefa okkur fræðslu um málörvun.
- Einnig munum við fara á skyndihjálparnámskeið.
- Við viljum stofna lærdómssamfélag í kringum LÆM verkefnið og líka í kringum Jákvæðan aga og ætlum við að fá fræðslu um lærdómssamfélög á skipulagsdegi.
- Stefnan er að senda fleira starfsfólk á réttindanámskeið í Jákvæðum aga en nú þegar eru 7 starfsmenn komnir með réttindi.



12 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Leikskólarnir Hraunborg, Hólaborg og Suðurborg hafa alltaf átt gott samstarf. Á síðastliðnu skólaári fóru leikskólarnir saman í útskriftarferð í Vatnaskóg með elstu börn leikskólans og er strax búið að panta sömu ferð fyrir næsta skólaár. Í ár hélt hver leikskóli fyrir sig sumarhátíð og er í skoðun hvort að annað hvert ár verði leikskólarnir saman og hitt árið sér.

Samstarf við Hólabrekkuskóla og frístundaheimilið Álfheima hefur iðulega verið mjög gott. Ekki er búið að skipuleggja heimsóknir fyrir næsta skólaár en áætlað er að halda skipulagsfund fljótlega eftir að Hólabrekkuskóli hefur starfsemi sína aftur í ágúst. Við gerum ráð fyrir því að skipulagið verði með svipuðu móti og síðustu ár, þ.e

- að börnin fari í heimsókn og skoði skólann með starfsmanni skólans að hausti
- að börnin heimsæki Álfheima að vori og fái að leika sér og kynnst húsnæðinu
- að börnin heimsæki Hólabrekkuskóla og taki þátt í söng á sal
- að börnin fari nokkrum sinnum á næsta skólaári og leiki sér á skólalóðinni til að kynnst henni
- að börnin fari ásamt starfsfólki leikskólans og fái að sitja eina kennslustund í skólanum
- skólinn býður börnum og foreldrum í heimsókn að vor
- nemendur í 1.bekk koma í heimsókn til okkar, ein inniheimsókn og ein útiheimsókn
- skil milli skólastiga að vori

Tónlistarskóli Sigursveins, elstu börnin okkar fóru í heimsókn í tónlistarskólann þar sem þau fengu að kynnst töfraheimi hljóðfæranna í kringum hið árlega samstarfsverkefni í kringum Barnamenningarhátíðina.

Barnamenningarhátíðin, elsti árgangurinn í leikskólanum tekur alltaf þátt í opunarhátíð Barnamenningarhátíðarinnar þar sem börnin eru búin að æfa fyrir fram ákveðin lög og mæta svo í Hörpuna og syngja ásamt fjölda annarra leikskólabarna úr Reykjavík. Mikil ánægja var með verkefnið þetta árið en yfirskriftin í ár var Leikur að orðum – Bragi Valdimar.

Bókasafnið í Gerðubergi, öll börnin fara í skipulagðar heimsóknir yfir skólaárið. Börnin kynnst bókasafninu í gegnum lestur og leik, þau sækja þangað skipulagðar sögustundir.

Samstarf við slökkviliðið, starfsmenn slökkviliðsins heimsækja okkur einu sinni á ári til að fræða elstu börnin um eldvarnir, athuga eldvarnir í leikskólanum og passa að þær séu allar í lagi. Elstu börnin ásamt



starfsmanni sjá um mánaðarlegt eftirlit á öryggispáttum eins og til dæmis að flóttaleiðir séu greiðar, hurðapumpur séu virkar og slökkvitæki séu aðgengileg.





13 Foreldrasamvinna

Það er öflugt foreldrafélag starfandi við leikskólann. Það eru ýmsir viðburðir sem foreldrafélagið hefur séð um eða komið að í samvinnu við leikskólann. Foreldrafélagið var þriðja árið í röð með bingó fyrir páskana og fengu þau hátíðarsalinn í Hólabrekkuskóla lánaðan. Bingóið var því miður ekki vel sótt vegna veikinda. Stefna foreldrafélagsins er að hafa þennan viðburð aftur fyrir páska á næsta skólaári.

Þegar jólaball leikskólans er haldið sér foreldrafélagið um panta jólasveina og kaupa gjöf frá jólasveininum til barnanna. Í desember býður foreldrafélagið upp á leiksýningu fyrir börnin. Þriðja árið í röð fóru elstu börnin í útskriftarferð í Vatnaskóg og greiddi foreldrafélagið þá ferð að hluta. Þessi ferð er nú þegar orðin að hefð hér í leikskólanum og mun foreldrafélagið halda áfram að greiða hluta þessara ferðar.

Þegar börnin útskrifast úr leikskólanum fá þau sundpoka með nafninu sínu á að gjöf frá foreldrafélaginu.

Í ár héldum við sumarhátíð og opið hús í leikskólanum og fékk foreldrafélagið Latabæ í heimsókn til að skemmta og leika við börnin. Mjög vel heppnað og vel mætt. Foreldrafélagið mun halda áfram að taka þátt í að skipuleggja sumarhátíðina með okkur.

Nýjum foreldrum er kynnt starfsemi foreldrafélagsins á aðlögunartíma barnsins. Foreldrar nýrra barna eru boðaðir á kynningarfund í júní þar sem leikskólinn er kynntur og foreldrar fylla út viðeigandi pappíra áður en barnið byrjar í aðlögun.

Foreldraviðtöl eru í september fyrir foreldra þeirra barna sem fluttust milli deilda og svo í október/nóvember fyrir foreldra nýju barnanna. Í mars eru svo viðtöl fyrir öll. Flestir foreldrar nýta sér viðtölin.

Foreldraráð er starfandi við leikskólann en þeirra aðalhlutverk er að lesa yfir starfsáætlun og skólanámskrá.





14 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

- 19. september – allur dagurinn
- 21. nóvember – allur dagurinn
- 2. janúar – allur dagurinn
- 6. febrúar – allur dagurinn
- 6. mars – allur dagurinn
- 12. júní – allur dagurinn

Sameiginlegir skipulagsdagar með Hólabrekkuskóla verða 19. september, 21. nóvember og 6. mars.

Þess má einnig geta að Hólabrekkuskóli hefur ekki hafið starfsemi sína aftur eftir jólafrí þann 2. janúar en þá erum við með skipulagsdag.





Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla: **Hraunborg**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 M Aðlogun nýrra barna	1 M Gætur mánaðar	1 L	1 M Félagsdagurinn	1 F Nýársdagur	1 S	1 S	1 M Skráningardagur	1 F Vetrarjónsdagurinn	1 M	1 M
2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ	2 F Skráningardagur	2 M	2 M Bæjarstjórn	2 L Skráningardagur	2 L	2 Þ	2 F
3 S	3 M	3 F	3 M	3 M Kökjuferð	3 L	3 Þ	3 Þ	3 F Félagsdagurinn lægri	3 S	3 M	3 F
4 M Fridagur veslunanna	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M Lestrarátak hefst	4 F Útskrift	4 L
5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F Jónasdagur	5 M Vasaljóðavika	5 F	5 F	5 S Pláskadagur	5 Þ	5 F	5 S
6 M	6 L	6 M	6 F	6 L	6 Þ Birtlandinn	6 F	6 F	6 M Annar í Pláskum	6 M	6 L	6 M
7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 L	7 L	7 Þ	7 F	7 S Sjónmáladagurinn	7 Þ
8 F	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M
9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 M	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F
10 S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 L	10 Þ	10 Þ	10 F Línur dagur	10 S	10 M Skólastofnun grunnskóla	10 F
11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F Jónaball og Jónaballur	11 S	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F Óþórus	11 L
12 Þ Óþórus eftir sumarleyfi	12 F	12 S	12 M	12 F	12 M	12 F	12 F	12 S	12 Þ	12 F Þátturinn	12 S
13 M	13 L	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L	13 M
14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 L	14 L	14 F Uppsýringsdagur	14 F	14 S	14 Þ
15 F	15 M Aðlogun nýrra barna	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F Lestrarstaki lýkur	15 M	15 M
16 Þ Dagur íslenskrar náð	16 F	16 F	16 S	16 Þ	16 F	16 M	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F
17 S	17 M	17 F	17 M	17 M	17 L	17 Þ	17 Þ	17 F	17 S	17 M Jónsýringsdagurinn	17 F
18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L
19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F	19 M	19 F	19 F	19 S	19 Þ Útskriftarferð	19 F Grænni dagur	19 S
20 M	20 L	20 M	20 F	20 L	20 Þ	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M
21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 L	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ
22 F	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S	22 S	22 M	22 F Umhverfisdagur	22 M	22 M
23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 M	23 M	23 F	23 F Sumardagurinn fyrsti	23 L	23 F
24 S	24 M	24 F	24 M	24 M	24 L	24 Þ	24 Þ	24 F	24 S Hvítasunnudagur	24 M	24 F
25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 M	25 L	25 M Annar í Hvítasunnu	25 F	25 L
26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F	26 M	26 F	26 F	26 S	26 Þ	26 F Bólisdagur	26 S
27 M	27 L	27 M	27 F	27 L	27 Þ	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M
28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 L	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ
29 F	29 M	29 F	29 L	29 M	29 F	29 S	29 S	29 M	29 F Rugladagur	29 M	29 M
30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ	30 L	30 F	30 F	30 M	30 L	30 Þ	30 F
31 S	31 F	31 M	31 L	31 M	31 S	31 Þ	31 Þ	31 F	31 S	31 F	31 F

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist halfr dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagur í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vísun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkur borgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólasíjónir ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin all sumarar eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasvöðs er að í hverju hvern listist skólasíjónmendir leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.



Fylgiskjöl

14.1 Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Hraunborgar

Sigríður Pál 26/6'25
Leikskólastjóri Dagsetning





Fylgiskjal

Starfsáætlun 2025 – 2026 Leikskólinn Hraunborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Inga Björg Kjartansdóttir
Ragnhildur Sigurðardóttir





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Foreldraráð telur áherslur starfsáætlunar hafi samræmst vel á síðasta skólaári, markmið voru sem sett voru tókust vel. Börnum og starfsfólki virðist líða vel og starfið vel unnið.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Ef farið er að veraldarvefinn þá finnst starfsáætlunin þar mjög fljótt.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já, hún gefur glögga mynd til hvers ætlast er af nemendum, starfsfólki og öðrum sem koma að leikskólastarfinu.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Nei, hún er skýr og greinileg, sést að unnið hefur verið markvisst að þeim markmiðum sem sett voru í upphafi skólaárs.

Fulltrúar í foreldraráði:

Inga Björg Kjartansdóttir

Ragnhildur Sigurðardóttir

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Inga Björg Kjartansdóttir
Ragnhildur Sigurðardóttir



